

Forsætisnefnd

Tjarnargata 12 -breytingar á starfsaðstöðu borgarfulltrúa.

Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að Reykjavíkurborg leggur hverjum borgarfulltrúa til skrifstofuaðstöðu og almennan skrifstofubúnað, þ.m.t. fartölvu, auk aðgangs að fundaraðstöðu. Skrifstofa borgarstjórnar annast skrifstofuþjónustu fyrir borgarfulltrúa, s.s. gagnaöflun, símavörslu, ritvinnslu, undirbúning funda o.þ.h. Borgarfulltrúar og 1. varaborgarfulltrúar hafa lengi haft skrifstofuaðstöðu sína í Tjarnargötu 12 og nú er starfsaðstaða þeirra á hluta jarðhæðarinnar þar sem er að finna móttökuherbergi og fundarherbergi borgarfulltrúa og á 3. hæðinni þar sem er að finna átta vinnuherbergi allra borgarstjórnarflokka auk kaffistofu, prentara- og ritfangageymslu auk sameiginlegs rýmis.

Í júní sl. hófst vinna á umhverfis- og skipulagssviði við hönnunarútfærslu og kostnaðaráætlun breytinga á vegna bættis aðgengis á öllum hæðum í Tjarnargötu 12 og áframhald slíkrar vinnu í Ráðhúsinu, með fatlaða og hreyfihamlaða einstaklinga í huga. Framkvæmdir eru fyrirhugaðar við hækkun stigahandriðs og breytingar á lyftu.

Í upphafi yfirstandandi kjörtímabils sendi forseti borgarstjórnar erindi til allra oddvita borgarstjórnarflokka og óskaði eftir upplýsingum um þarfir hvers og eins fyrir vinnuherbergi flokkanna í Tjarnargötunni. Svör og tillögur þeirra voru svo rædd og yfirfarin á vinnudegi forsætisnefndar sem haldinn var 2. september sl. Í beinu framhaldi var ráðist í að gera þær breytingar á innra fyrirkomulagi vinnuherbergjanna sem óskað var eftir og eru þær á lokametrunum núna en hafa tafist örlítið vegna gluggaskipta.

Við ofangreinda þarfagreiningu og á vinnudegi forsætisnefndar komu jafnframt fram óskir frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, Framsóknar og Sósíalístaflakks Íslands um stærra aðstöðu og aflokaðar skrifstofur og hefur verið unnið að því að setja upp mismunandi valkosti sem forsætisnefnd getur tekið afstöðu til ef vilji er fyrir því að koma til móts við þær óskir.

Kostnaður vegna innri leigu á starfsaðstöðu borgarfulltrúa á Tjarnargötu 12 er nú kr. 930.000 mánaðarlega. Með vísan til núverandi nýtingar á húsnæðinu og með fyrirvara um niðurstöðu fjárhagsáætlunar virðast eftirfarandi valkostir varðandi breytingar á starfsaðstöðu borgarfulltrúa á Tjarnargötu 12 koma til greina:

1. Engar breytingar verða samþykktar á starfsaðstöðu borgarfulltrúa en þess í stað verða gerðar einfaldar breytingar á 3. hæð til að reyna að koma til móts við óskir þeirra borgarstjórnarflokka sem hafa óskað eftir meira rými. Kostnaður myndi þá haldast óbreyttur kr. 11.160.000 pr. ár.
2. Bætt verður við rými á jarðhæð t.v. þar sem gert verður ráð fyrir bókanlegum vinnuherbergjum borgarfulltrúa. Um verður að ræða þrjú aflokuð vinnurými sem verða einungis bókanlegar af borgarfulltrúum og unnt verður að bóka í hálfan dag í senn. Með þessari viðbót verður unnt að koma til móts við óskir um næðisrými borgarfulltrúa til að



Reykjavíkurborg

vinna að afmörkuðum verkefnum í einrúmi. Jafnframt verður unnt að bóka óformlegt hópvinnuherbergi á jarðhæðinni fyrir minni fundi borgarstjórnarflokka og/eða starfs- og stýrihópa. Kostnaður á ári myndi hækka í kr. 13.560.000 og þarf að gera ráð fyrir auknum fjárheimildum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2023.

3. Bætt verði við rými á 2. hæð en þar er í dag einungis að finna opið rými en þar er hægt að koma fyrir allt að 16 vinnustöðvum en ekki verður unnt að koma til móts við óskir sem hafa komið fram um aflokuð vinnurými. Í rýminu eru einnig tvö fundarherbergi og kaffistofa. Kostnaður verður 20.760.000 og þarf að gera ráð fyrir auknum fjárheimildum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2023.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofa borgarstjórnar